



Skóli án aðgreiningar

Samantekt á lögum og fræðilegu efni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skýrslugerð:

Steingerður Ólafsdóttir

Sigrún Sif Jóelsdóttir

Lára Rún Sigurvinsdóttir

Dóra S. Bjarnason

Anna Kristín Sigurðardóttir

Kristín Erla Harðardóttir

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Maí, 2014.

Samantekt og greining unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við Menntavísindastofnun og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar (RSÁA), Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	1
INNGANGUR	3
1 HUGTAKASKILGREININGAR	2
1.1 SKÓLI ÁN AÐGREININGAR (E. INCLUSIVE EDUCATION):.....	2
1.1.1 Skóli margbreytileikans:.....	2
1.2 SKÓLI FYRIR ALLA:.....	3
1.3 BLÖNDUN (E. INTEGRATION):	3
1.4 LÆKNISFRÆÐILEG NÁLGUN (E. MEDICAL MODEL):.....	4
1.5 NORMALISERING:.....	4
1.6 GÆÐANÁM:	5
1.7 FERILSHUGTAKIÐ (E. PROCESS):.....	5
1.8 JÖFN TÆKIFÆRI TIL NÁMS:.....	5
1.9 JAFNRÉTTI:	5
1.10 FJÖLMENNING:	5
1.11 FJÖLMENNINGARLEG MENNTUN:.....	6
1.12 EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM:.....	6
1.13 AÐGREINING OG ÚTILOKUN (E. EXCLUSION):	6
2 HUGTAKIÐ SKÓLI ÁN AÐGREININGAR	8
3 SKÓLI ÁN AÐGREININGAR Í LÖGUM OG ALÞJÓÐASAMÞYKKTUM	11
3.1 FRAMKVÆMD.....	11
3.2 ALÞJÓÐASAMÞYKKTIR.....	11
3.3 ÍSLENSK LÖGGJÖF	13
3.4 SVEITARFÉLÖG.....	16
3.5 SAMANTEKT OG TÚLKUN.....	17
4 ÍSLENSKAR RANNSÓKNIR Á SKÓLA ÁN AÐGREININGAR	20
4.1 FRAMKVÆMD.....	20
4.2 HVERNIG ER SKÓLI ÁN AÐGREININGAR SKILGREINDUR?.....	21
4.3 VIÐFANGSEFNI RANNSÓKNA	22
4.4 AÐFERÐ OG GERÐ RITVERKA	23
5 TÍMABIL	25
5.1 BLÖNDUN 1989-1993.....	25
5.2 SALAMANCA YFIRLÝSINGIN 1994-2001	27

5.3	SKÓLI ÁN AÐGREININGAR 2002-2011	29
5.4	SKÓLI MARGBREYTILEIKANS 2012-2014	33
6	HEIMILDIR	38
7	VIÐAUKI I.....	52
	HEIMILDIR FRÁ TÍMABILINU 1989-1993	52
	HEIMILDIR FRÁ TÍMABILINU 1994-2001	52
	HEIMILDIR FRÁ TÍMABILINU 2002-2011	54
	HEIMILDIR FRÁ TÍMABILINU 2012-2014	62
8	VIÐAUKI II.....	65
9	VIÐAUKI III.....	66

SAMANTEKT

Hugtakið „skóli án aðgreiningar“ (e. inclusive education) er margrætt hugtak sem á sér djúpar rætur í hugmyndum um jöfnuð, félagslegt réttlæti og lýðræðislega þátttöku. Skýrsla þessi fjallar um tvo þætti sem geta nýst til að greina áhrif og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar í grunnskólum landsins. Annars vegar samantekt á skilgreiningum og túlkunum á hugtakinu skóli án aðgreiningar eins og það birtist í opinberum gögnum og hins vegar greining á fræðilegum rannsóknum sem til eru um skóla án aðgreiningar og framkvæmd skólastarfs innan þeirrar hugmyndafræði.

Þegar íslensk löggjöf er skoðuð með hliðsjón af Vísbendum fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu kemur í ljós að misgott samræmi er á milli lagatexta og fyrirmæla sem varða skóla án aðgreiningar. Þegar kemur að lagasetningu um menntagæði eða framkvæmd má hins vegar segja að íslenskt lagaumhverfi styðji ekki nægjanlega við nám og kennslu án aðgreiningar þar sem ekki eru til dæmis ákvæði um símenntun kennara. Í kennaranáminu mætti vinna betur að fræðslu og kennslufræðilegri þjálfun sem tengist stefnunni um skóla án aðgreiningar. Ramminn um samstarf menntageirans, félags- og heilbrigðiskerfis er einnig brotakenndur og óskýr. Eigi Ísland að geta uppfyllt ákvæði laga og alþjóðasamþykktta betur en nú er gert þarf að styðja sveitarfélög og skóla til frekari sveigjanleika. Ekki er mælt með róttækum breytingum heldur fremur að einstökum skólum og skólahverfum verði gert kleift að vinna áfram þróunar- og tilraunastarf sem byggir á hugmyndum um skóla án aðgreiningar.

Inntak skóla án aðgreiningar hefur þróast í meðförum fræðimanna og fagfólks undanfarna áratugi, frá blöndun til skóla margbreytileikans. Meðal annars kemur fram í nýlegum rannsóknum að stuðla þurfi að auknu þróunarstarfi í skólum með þátttöku allra sem hlut eiga að máli. Stefnan um skóla án aðgreiningar er mannúðleg og réttlát en framkvæmdin er ekki alltaf auðveld. Þörf er talin á gagnrýninni sýn og hvetjandi umræðu sem snertir öll svið skólastarfsins til að iðka megi jafnrétti. Til þess að koma til móts við margbreytileika nemenda verður að vera hægt að brjóta upp

hefðbundnar kennsluaðferðir og nota fjölbreyttar aðferðir þannig að allir nemendur fái notið sín.

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá samantekt sem unnin var fyrir samstarfshóp sem samanstendur af fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneyti, Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands og tilkominn er vegna bókunar í samkomulagi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá febrúar 2013. Hlutverk samstarfshópsins er að standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd stefnunnar „skóli án aðgreiningar“ og áhrifum stefnunnar á skólastarf í grunnskólum. Skýrslan er unnin af Menntavísindastofnun, Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samstarfi við Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar¹. Markmiðið með skýrslu þessari er að taka saman og greina gögn fyrir samstarfshópinn sem nýst geta til að greina áhrif og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar í grunnskólum landsins.

Skýrslan fjallar um tvo af þeim fjölmörgu þáttum sem nauðsynlegir eru fyrir frekari greiningu á áhrifum á framkvæmd skóla án aðgreiningar. Þeir eru annars vegar samantekt á skilgreiningum og túlkunum á hugtakinu skóli án aðgreiningar í opinberum gögnum og skilgreining á hvernig framkvæmd stefnunnar skuli háttað með tilliti til ábyrgðar og skyldu þeirra aðila sem koma að framkvæmdinni. Hins vegar greining á rannsóknum, úttektum, meistaraprófs-ritgerðum, þróunarverkefnum og öðru efni sem til er um skóla án aðgreiningar og framkvæmd skólastarfs innan þeirrar hugmyndafræði.

Uppbygging skýrslunnar er með eftirfarandi hætti: Í fyrsta kafla er notkun höfunda á helstu hugtökum í skýrslunni skilgreind, í öðrum kafla er saga hugtakanotkunar rakin og þar á eftir er að finna skýringarmynd þar sem lögum, kenningum og áhrifaþáttum á menntastefnuna er lýst á tímalínu. Í þriðja kafla er því lýst hvernig menntastefnan um skóla án aðgreiningar birtist í lögum og alþjóðasamþykktum, samkvæmt verkþætti eitt í samningi. Í þeim kafla er afmörkun verkefnisins útskýrð, fjallað um helstu þætti í alþjóðasamþykktum, íslenska löggjöf í málaflokknum og áhrif á

¹ Sjá viðauka II: Samning.

sveitarfélög. Að lokum er samantekt og túlkun á þessum þáttum með hliðsjón af þróun hugtakanotkunar.

Í fjórða kafla eru íslenskar rannsóknir á sviðinu skoðaðar samkvæmt öðrum verkþætti í samningi. Þar er meðal annars fjallað um hugmyndafræðilega nálgun við skóla án aðgreiningar, almennt um skilgreiningar á viðfangsefni rannsókna og síðan hvernig greiningarrámi var byggður upp með áhrifum frá lögum og alþjóðlegum samþykktum sem eru mótandi á orðræðu. Eftir heimildaskrá má finna viðauka þar sem heimildum er skipt upp eftir greiningartímabilum til að auðvelda starfshópi aðgengi að þeim.

1 HUGTAKASKILGREININGAR

Í þessum kafla er leitast við að útskýra skilning og notkun höfunda á helstu hugtökum sem koma fyrir í skýrslunni. Þetta er gert til hægðarauka fyrir starfshóp þar sem þekkt er að mismunandi skilningur getur verið lagður í sömu hugtök.

1.1 Skóli án aðgreiningar (e. inclusive education):

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi

(Reglugerð 585/2010, 2. gr.).

Úr Aðalnámskrá grunnskóla 2011: *Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013:41).

Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2012a:3).

1.1.1 Skóli margbreytileikans:

Skóli margbreytileikans er annað heiti fyrir skóla án aðgreiningar. Hugtakið má staðsetja á marghliða ás þar sem ólíkar fræðilegar víddir skarast.² Þessar víddir spretta af félags- og menningarlegum, sögulegum, sálfræðilegum, siðfræðilegum og stofnanabundnum þáttum og varða einstaklinga, hópa og félagsfesti (social organisations).

² Á ensku er vísað til þessa sem „intersectional construct“.

Hugmyndafræðin og stefnan sem á henni hvílir snýst um að breyta skipulagi og vinnubrögðum skóla og móta lýðræðislegt samfélag innan skóla og utan (Danforth og Smith, 2005). Slíkt krefst meðal annars kennslufræðilegrar þekkingar og færni og samvinnu. Með þetta í huga skilgreinir Ferguson (1995) hugtakið á eftirfarandi hátt:

Skóli án aðgreiningar er ferli þar sem umbótum í almennri kennslu og sérkennslu er blandað saman þannig að úr verði eitt almennt menntakerfi sem miðast við það að öll börn og ungmenni séu virkir fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu. Margbreytileikinn verður þannig viðurkenndur sem hið venjulega. Slíkur skóli tryggir öllum nemendum nám við hæfi, og árangursríka kennslu sem tekur mið af þörfum hvers og eins, sem og nauðsynlegan stuðning (Ferguson, 1995:48, okkar þýðing).³

Forsenda þessa er að starfsfólk skóla skipuleggi, framkvæmi og meti nám og þátttöku einstakra nemenda og nemendahópsins jafnt og þétt (daglega, í hverri viku og á hverju misseri) og taki mið af námskrám, þörfum einstaklinganna, bekkjarins og bekkjarsamfélagsins.

1.2 Skóli fyrir alla:

Sé horft á hugtakið út frá sjónarhóli stjórnvalda má segja að merking þess sé að allir skólaskyldir nemendur komist einhvers staðar í skóla. Því er erfitt að nota þetta hugtak um skóla án aðgreiningar, þótt það sé iðulega gert hér á landi.

1.3 Blöndun (e. integration):

Hugmyndin um blöndun á rætur að rekja til réttindabaráttu fatlaðs fólks og aðstandenda þess á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Fyrst snerist krafan um blöndun, um það að fatlað fólk ætti rétt á því að sækja sömu opinbera staði og þjónustu og ófatlað fólk. Fatlaðir nemendur áttu samkvæmt þessum hugmyndum rétt á að sækja sömu skóla og jafnaldrar þeirra. Framkvæmdin fól oftast en ekki í sér að stofnaðir voru sérþækkir fyrir fötluðu nemendurnar. Síðar var farið að kenna fötluðum nemendum í almennum bekkjum með ófötluðum jafnöldrum, með annað námsefni

³ **Inclusion** is a process of meshing general and special education reform initiatives and strategies in order to achieve a unified system of public education that incorporates all children and youths as active, fully participating members of the school community; that views diversity as the norm; and that ensures a high-quality education for each student by providing meaningful curriculum, effective teaching, and necessary supports for each student (Ferguson, 1995:48).

og oft faglærðan eða ófaglærðan aðstoðarmann. Vandinn var talinn vera í barninu og að kennara og aðstoðarfólki bæri að leiðrétta eða draga úr vandanum. Fötluðu nemendurnir í skólastofunni voru sjaldnast taldir vera hluti af bekknum hvorki með tilliti til náms né félagslegrar þátttöku. Jafnvel var talað um tvo einsleita hópa, fatlaða og ófatlaða, að þeir myndu óhjákvæmilega blandast og tengjast með því að setja þá saman á sama stað (e. situational integration). Af þessum skilningi spratt þó hugmyndin um skóla án aðgreiningar þar sem leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda í einum hópi með fjölbreyttu skipulagi og vinnubrögðum. Þegar sá skilningur er viðhafður færast vandinn frá börnunum og yfir á fagleg störf kennara og starfsfólks skóla.

1.4 Læknisfræðileg nálgun (e. medical model):

Líkan sem gerir ráð fyrir að vandi fatlaðrar manneskju sé í manneskjunni sjálfri og göllum hennar, fremur en í samskiptum manna á meðal, og félagslegum og hlutbundnum aðstæðum. Andstæða eru félagsleg líkön sem greina vanda fólks með líkamlegar eða andlegar skerðingar í samskiptum, félagslegum og hlutbundnum aðstæðum. Læknisfræðileg greining á fötlun eða vanda er útgangspunktur við val á viðfangsefnum, námsefni eða námsaðstæðum nemandans. Hætta er á of þröngri sýn á vanda nemandans, að hann einangrist. Þessi nálgun samrýmist illa hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar.

1.5 Normalisering:

Hugtakið normalisering kom fyrst fram í Danmörku 1959 hjá Bank-Mikkelsen sem beitti sér fyrir bættum aðstæðum þroskahefts fólks innan og utan stofnana. Það byggði á þeirri hugmynd að það sem þætti verðugt fyrir ófatlað fólk ætti einnig að falla fólki með þroskahamlanir í skaut. Hugtakið merkti ekki að gera þroskaheft fólk „normal“, né að gera skuli tilveru þess eins og tilveru annarra (Kirkebæk, 2001). Þetta hugtak þróaðist í meðför Svíans Bengt Nijre sem ferlishugtak, og fékk svo nýja merkingu í meðför dr. Wolf Wolfensberger sem endurskilgreindi það árið 1972 og aftur 1998 sem gildisauka félagslegra hlutverka (social role valorisation). Fyrir honum varð hugtakið normalisering, síðar gildisaukandi félagslegt hlutverk, tæki til að greina

tilurð, birtingarmynd og afleiðingar vanmats og útskúfunar tiltekinna hópa og einstaklinga sem þrýst hefur verið á jaðar samfélagsins og skipuleggja þjónustukerfi sem spyrnti gegn slíku (Wolfensberger 1998, 1972).

1.6 Gæðanám:

Gæðanám má skilja þannig að afrakstur náms og kennslu sé með ágætum. Ekki læra allir það sama en hver og einn og hópurinn í heild geta sýnt fram á bestu mögulegu afurð/árangur námsins og framfarir, hver á sínum forsendum.

1.7 Ferilshugtakið (e. process):

Ferilshugtakið vísar til framvindu: röð atburða í samfelldri og oft rökrænni þróun. Nauðsynlegt er að skilgreina markmið þróunarferlisins, en vegna þess að við lifum í síbreytilegum heimi eru markmið þróunarferla stöðugt í endurskoðun og umbreytingu.

1.8 Jöfn tækifæri til náms:

Hér er átt við jafngild eða jafnverðmæt tækifæri til góðrar menntunar við hæfi. Jöfn tækifæri merkir ekki hér sömu tækifæri í sama magni eða að allir nái sömu útkomu.

1.9 Jafnrétti:

Jafnrétti er skilgreint í orðabók sem jafnræði, jöfnuður, jafngildi. Hér er hugtakið jafnrétti notað í merkingunni jafngildi fremur en sem hugtak sem tekur til magns tiltekinna gæða. Nemendur koma ójafnir í skóla m.a. vegna mismunar í þroska, atgervis, kyns, félags- og efnahagslegrar stöðu, menningar, tungu og trúarbragða. Skólanum er ætlað að draga úr mismun og jafna aðstæður nemenda svo sem auðið er enda eru allir nemendur jafnverðmætir sem manneskjur.

1.10 Fjölmening:

Fjölmening eða menningarlegur margbreytileiki í víðasta skilningi á við alls konar margbreytileika: menningu, tungumál, félaglega stöðu, fötlun, trúarbrögð, kynhneigð, húðlit, heyrnarleysi, svo nokkuð sé nefnt. Að fjalla um menningarlegan margbreytileika, trúarlegt umburðarlyndi og gagnkvæman skilning er mikilvægt en

nægir ekki. Fjölmenningarlegt skólastarf þarf að eiga sér stað innan ramma þar sem unnið er gegn fordómum og mismunum.

1.11 Fjölmenningarleg menntun:

Fjölmenningarleg menntun er ekki sérstakt fag eða námsgrein heldur fremur grundvallarviðhorf. Fjölmenningarleg menntun felur í sér að allir nemendur – óháð kyni, félagslegri stöðu, uppruna og menningarlegum sérkennum – eigi að hafa jöfn tækifæri til menntunar (skv. Banks í Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir 2010:26). Fjölmenningarleg menntun tekur til allra þátta skólastarfs (kennsluaðferða, námskráa, námsefnis, miðlunar, stjórnunar og skólamenningar).

1.12 Einstaklingsmiðað nám:

Skipulag náms sem tekur mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar í grunnskóla. Nemendur eru ekki að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni og verkefni einir sér eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og nám hvers og eins byggir á einstaklingsáætlun (Reykjavíkurborg, Leikskólasvið og Menntasvið 2007). Hugtakið er þrengra en hugtakið skóli án aðgreiningar. Það merkir að leitast er við að tryggja að hver nemandi takist á við námsefni og aðferðir sem henta honum sérstaklega. Þannig má hugsa einstaklingsmiðað nám sem einn hluta kennslufræði sem snýr að skóla án aðgreiningar, en getur líka vísað til hefðbundnari kennslufræði, þar sem nemendur eru hver um sig að takast á við mismunandi efni eða aðferðir og eru þá væntanlega staddir á mismunandi stöðum í námsefninu.

1.13 Aðgreining og útilokun (e. exclusion):

Í hugtakinu felst að meina einhverjum aðgang, hafna viðkomandi eða horfa fram hjá honum eða henni. Þegar slíkt gerist, jafnvel ómeðvitað, á þeim forsendum að fólk eins og hann/hún eigi ekki erindi, geti ekki af einhverjum ástæðum tekið þátt eða lagt sitt af mörkum og sé því ekki æskilegt í félagsskap þeirra sem flokkast sem dæmigerðir. Almennir skólar eru stundum skipulagðir í kringum þá sýn að til sé dæmigerður/normal nemandi og að mismunandi flokkum nemenda henti

mismunandi nám, kennsla, kennsluaðferðir og námsefni. Þannig var og er enn tilhneiging til að flokka nemendur sem eru fljótir að tileinka sér bóklegt nám saman, svokallaða meðalnemendur saman og hægfara nemendur eða nemendur með tilteknar sérþarfir saman. Slíkar flokkanir geta stafað af mismunandi uppruna, móðurmáli, litarhætti, efnahag foreldra, kyni, kynhneigð, kynferði, fötlun eða trú. Þegar þannig háttar dregur skipulag náms og kennslu og þátttaka í skólastarfi gjarnan dóm af svona flokkun. Þeir sem falla undir tiltekinn flokk eru þá settir saman en öðrum haldið utan við hópinn og jafnvel ýtt út á jaðra skólans eða í sérstakan skóla fyrir "hina", þá sem standa utan við.

Aðgengi, hvort sem það er hlutlægt eða huglægt getur ennfremur stuðlað að höfnun, aðgreiningu og útilokun ef það er þess eðlis að það henti ekki tilteknum hópum eða einstaklingum. Dæmi um slíkt gætu verið tröppur sem eru ekki greiðfærar hreyfihömluðu fólki, tungumál sem er ekki aðgengilegt innflytjendum, reglur og venjur sem virðast lítt skiljanlegar, svínakjöt sem hvorki fellur í kramið hjá múslimum né grænmetisætum, og jafnvel svipbrigði eða málhreimur sem gefa til kynna að viðkomandi sé ekki eins og fólk er flest eru allt dæmi um þetta.

2 HUGTAKIÐ SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

Hugtakið „skóli án aðgreiningar“ (e. inclusive education) er margrætt hugtak sem á sér djúpar rætur í hugmyndum um jöfnuð, félagslegt réttlæti, lýðræðislega þátttöku og borgaraskyldum og réttindum í anda Dewey (Ólafur Páll Jónsson, 2011:110-125). Að baki liggur markmið um gæðanám fyrir alla, bæði hópa og einstaklinga. Því má segja að rætur þessara hugmynda liggi í grunnskólalögum frá 1974 og jafnvel fyrr. Hugtakið er ferilshugtak þótt það vísi einnig til markmiða sem verður þó tæpast náð nema í fullkomnum heimi. Merking hugtaksins hefur þróast og breyst í takt við breytingar á þekkingu og breytingar á samfélaginu á ofanverðri 20. öld og á fyrstu áratugum þeirrar 21. (sjá mynd 1). Hún endurspeglast meðal annars í almennri orðræðu, stefnumótun og laga- og reglugerðartextum, í daglegu starfi í skólunum og í menntun kennara.

Á áttunda áratug síðustu aldar reyndu fræðimenn að fanga merkingu ofangreindra gilda í skólakerfinu með hugtökum eins og blöndun og normaliseringu. Hugtakið blöndun hvíldi á þeirri hugmynd að með því að setja saman fötluð og ófötluð börn í sama skóla og bekk og kenna þeim saman mætti tryggja öllum aðgang að sömu stöðum og aðstæðum enda þótt árangur nemenda yrði vissulega mismunandi. Vandinn var talinn vera í barninu, og kennara og eða sérkennara bar að reyna að leiðrétta eða draga úr vanda viðkomandi.

Á fyrrihluta tíunda áratugar síðustu aldar beindist athyglin einkum að nemendum með fatlanir eða sérþarfir þegar rætt var um skóla án aðgreiningar. Þessi orðnotkun spratt af skilningi okkar á *Salamanca* yfirlýsingunni og aðgerðaáætlun henni fylgjandi frá 1994 sem varð í reynd menntastefna hér á landi þegar menntamálaráðherra lét dreifa íslenskri þýðingu á henni í alla grunnskóla landsins. Á þessum tíma var hugtakið skóli án aðgreiningar af sumum notað eins og það merkti hið sama og orðið sérkennsla í þeim skilningi að bæta í bresti eða námsvanda nemenda. Þessi skilningur hefur aldrei átt við rök að styðjast en misskilningurinn sem í þessu felst hefur samt reynst lífseigur og setur enn mark sitt á orðræðuna (sjá Dóru S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson, 2014).

Skóli án aðgreiningar sem við kjósum nú einnig að nefna „skóli margbreytileikans“, er ögrandi og áhugavert hugtak sem má staðsetja á marghliða ás þar sem ólíkar fræðilegar víddir skarast. Þessar víddir spretta af félags- og menningarlegum, sögulegum, sálfræðilegum, siðfræðilegum og stofnanabundnum þáttum og varða einstaklinga, hópa og félagsfesti (social organisations). Það, með hvaða hætti fræðimenn greina og túlka þessa samtönnun mismunandi þátta og hvaða þátta sérstaklega, hefur áhrif á hvernig þeir skilgreina hugtakið og beita því. Því er aldrei einhver ein tiltekin skilgreining rétt eða viðtekin. Ofangreindur skilningur hefur verið ríkjandi undanfarin 10 ár hið minnsta. Hugtakið nýtist við greiningu og túlkun á aðstæðum allra nemenda, nemendahópa og starfsfólks, í bekk og bekkjarsamfélagi, í skóla og skólasamfélagi og við túlkun og framkvæmd menntastefnunnar í hinu víðara samfélagi. Segja má að allar skólarannsóknir allt frá 1974 séu að einhverju leyti rannsóknir á menntastefnunni sem hér er til umfjöllunar. Menntastefnur móttast og þróast og ganga því aldrei fullkomlega upp í lifandi skóla og skólasamfélagi. Leitin að lausnum felst í því að breyta námsaðstæðum, skipulagi, stjórnunarháttum og skólasamfélaginu þannig að það rúmi alla.

-Lög um fræðslu barna
1936: hópum varnað
inngöngu í grunnskólann.
-Lög um fræðslu barna
1946: Fyrsta löggjöfin sem
nefnir að skólinn skuli
skipuleggja starf sitt í
samræmi við eðli og þarfir
allra nemenda.

1936-
þarfir
allra
nemenda

-Aðalnámskrá grunnskóla
1974. Jafnrétti til náms
lögbundið í fyrsta skipti.
Blöndun í bekki,
einstaklingsmiðað nám.
-Reglugerð um sérkennslu
1977. Sérskólar.
-Þroskahjálpi stofnuð 1976.
Blöndun.

1974-
Blöndun

-1992: Barnasáttmáli SP samþykktur á Íslandi
-Lög um málefni fatlaðra 1992.
-1995: Lög um grunnskóla. Grunnskólar færast
til sveitarfélaga. Engin ákvæði um sérkennslu,
grunnskólinn á að sinna þörfum allra.
-Salamanca 1994 (samþykkt á Íslandi 1995):
Inclusive education kynnt til sögunnar.
-Aðalnámskrá grunnskóla 1999.
-Dakar-sáttmálinn UNESCO 2000: Menntun
fyrir alla

1992-
Salamanca
Inclusive
education

-Stefnubreyting Rvk 2002, byggt á inclusive
education.
-Lög um grunnskóla 2008: Inclusive
education, skóli án aðgreiningar, í lög.
-2010: Reglugerð um nemendur með
sérþarfir í grunnskóla og Reglugerð um
sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.
-Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Jöfn tækifæri.
-Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks 2007
(í fullgildingarferli á Íslandi).

2002-
Inclusive
education:
Skóli án
aðgreiningar

-Skóli
margbreytileikans
tekur við sem
hugtak fyrir
Inclusive education.
-Stefna
Reykjavíkurborgar
2012.
-Lögfesting
Barnasáttmála SP
2013.

2012-
Inclusive
education:
Skóli marg-
breytileikans.

3 SKÓLI ÁN AÐGREININGAR Í LÖGUM OG ALÞJÓÐASAMÞYKKTUM

Í þessum kafla er farið í fyrsta verkþáttinn sem er tíundaður í beiðni starfshópsins og snýst um birtingarmynd hugtaksins „skóli án aðgreiningar“ í íslenskum lögum og alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að. Markmið þessa verkþáttar er:

Að greina skilgreiningar og túlkningar á hugtakinu skóli án aðgreiningar í opinberum gögnum (þ.m.t. lögum, reglugerðum og samþykktum og alþjóðasáttmálum) og skilgreina á þeim forsendum hvernig framkvæmd stefnunnar skuli háttáð með tilliti til ábyrgðar og skyldna þeirra aðila sem koma að framkvæmdinni.

Kaflinn skiptist þannig að fyrst er farið í gegnum skilgreiningu á skóla án aðgreiningar eins og hún birtist í núgildandi lögum, reglugerðum, alþjóðasamþykktum og stefnumótun í einu sveitarfélagi (Reykjavík). Reykjavík var valin vegna þess að mikið efni liggur þar fyrir um skilgreiningar, stefnu og mat á framkvæmd. Þá er reynt að draga ályktanir um framkvæmd stefnunnar.

3.1 Framkvæmd

Leitað var í núgildandi lögum og reglugerðum að orðasambandinu „skóli án aðgreiningar“ ásamt orðhlutum og orðunum „aðgreining“, „sérþarfir“, „sérkennsla“, „fötlun“, „jafnrétti“ o.fl. Byggt var á gögnum frá mennta- og menningar- málaráðuneytinu þar sem helstu lög og reglugerðir voru taldar, ásamt alþjóðasáttmálum og skýrslum um efnið, en leitað var í frumheimildir fyrir endanlega skýrslugerð. Við gerð tímaáass (sjá mynd 1) var stuðst við bókarkafli eftir Gretar L. Marinósson og Dóru S. Bjarnason þar sem farið er yfir þróun sérkennslu á Íslandi (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2014).

3.2 Alþjóðasamþykktir

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 var staðfestur á Íslandi árið 1992 og lögfestur árið 2013. Ríkið ber ábyrgð á að sáttmálanum sé framfylgt, en aðildarríkjum ber að „tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi...“ (1989, 2. gr.).

Kveðið er á um að aðildarríki viðurkenni rétt barns til menntunar og að öll börn njóti sömu tækifæra (28. grein).

Árið 1994 var haldin alþjóðleg ráðstefna á *Salamanca* á Spáni um menntun nemenda með sérþarfir. Ísland var eitt af aðildarríkjum *Salamanca* yfirlýsingarinnar um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir sem samþykkt var á ráðstefnunni árið 1994. Þar kemur fram að einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar skulu hafa aðgang að almennum skólum þar sem „almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa...“ (*Salamanca* yfirlýsingin 2. gr., sjá einnig Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson, 2014).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2006 er í fullgildingarferli á Íslandi en hann var undirritaður af Íslands hálfu árið 2007. Í 24. grein samningsins kemur fram að aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar og að þau skuli koma á menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum. Aðildarríkin skuli tryggja „að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi vegna fötlunar“. Þá ber aðildarríkjunum að tryggja „að árangursríkar, einstaklingsmiðaðar stuðningsaðgerðir séu veittar í umhverfi sem hámarkar hvað mest mögulegan árangur í námi og félagslegan þroska sem aftur samræmist því markmiði að fatlað fólk geti notið menntunar án nokkurrar aðgreiningar“. Ennfremur er kveðið á um að aðildarríkin skuli gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegar, og gera tilteknar viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni. Kjarninn í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2007, tengist hugmyndum um skóla án aðgreiningar að því er varðar nemendur sem eru greindir fatlaðir. Samningurinn tekur hins vegar til þrengri hóps en menntastefnan um skóla án aðgreiningar sem snýst um alla, skóla og menntakerfið.

Í greinargerð frá innanríkisráðuneytinu um fullgildingu samningsins kemur fram að ákvæði samningsins um að „tryggja fötluðum einstaklingum rétt til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu“ sé víðtækt og feli í sér margs konar skuldbindingar sem aðildarríkin þurfi að uppfylla (Innanríkisráðuneytið, 2013:4). Hvað varðar grunnskólann sem hér er til umfjöllunar, má segja að ákvæði laga um grunnskóla (91/2008) þess efnis að nemendur eigi „rétt á að komið sé til móts við námsparfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar...“ séu í fullu samræmi við fyrrnefnd ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til menntunar. Innleiðing samningsins stendur fyrir dyrum hér á landi.

3.3 Íslensk löggjöf

Samkvæmt Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands skulu „allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“ (65. gr.). Þetta kemur skýrt fram í lögum um grunnskóla frá árinu 2008 þar sem segir í 2. grein (um markmið laganna):

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Segja má að þessi grunngildi endurspeglar í lögum um grunnskóla allt frá árinu 1974 þar sem svipuð markmiðsgrein birtist fyrst. Hugtakið skóli án aðgreiningar var hins vegar notað í fyrsta skipti í lögum um grunnskóla árið 2008.

Bæði ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að stefnunni um skóla án aðgreiningar sé framfylgt. Í þessari skýrslu er einungis grunnskólastigið til umfjöllunar sem heyrir undir sveitarfélögin frá árinu 1995. Sveitarfélögum ber skylda til að reka grunnskóla án aðgreiningar þar sem leitast er við að koma til móts við námsparfir allra nemenda

án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis í samræmi við Lög um grunnskóla⁴ (91/2008, 17. gr.).

Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er sá rammi og aðbúnaður fyrir nám og kennslu „sem mótast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga“ og kveður á um markmið og fyrirkomulag skólustarfsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013:7-9). „Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt“ (bls. 23).

Skóli án aðgreiningar er skilgreindur svo í reglugerð 585/2010 (2. gr.) í samræmi við lög um grunnskóla (2008) og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011:

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólustarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi (2010).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir að í grunnskóla eigi allir nemendur rétt á að stunda nám við sitt hæfi. „Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013:43). Sem dæmi er nefnt að þess skuli gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi sé af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna, og að skólustjóra sé heimilt að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar og er þar meðal annars átt við nemendur af erlendum uppruna „sem nýlega eru komnir til landsins og hafa takmarkaða íslenskukunnáttu, nemendur með sérþarfir og langveika nemendur“ (bls. 58).

Jöfn tækifæri til náms skulu ennfremur óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, „hvar nemandi býr, hvernig stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013:43). „Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og

⁴ Enginn skóli hefur eða getur uppfyllt þessi ákvæði fullkomlega, en stefnan beinir skólustarfinu í ákveðinn farveg.

mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum...“ og síðar: „Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum“ (bls. 43-48).

Tvær reglugerðir frá árinu 2010 ná til stefnunnar um grunnskóla án aðgreiningar. Annars vegar reglugerð 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og hins vegar reglugerð 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Í þeirri fyrrnefndu segir að „stuðningur við nemendur eða nemendahópa felist í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað sé að mæta þörfum allra nemenda...“ (Reglugerð 585/2010, 8. gr.).

Í þeirri síðarnefndu segir í 3. grein að sveitarfélög skuli leggja áherslu á „snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar...“ (Reglugerð 584/2010). Í 10. grein segir að starfsfólk skóla skuli meta hvaða nemendur kunna að eiga í erfiðleikum og sjá til þess að allir nemendur fái nauðsynlega aðstoð. „Nemendur sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda fái viðeigandi stuðning og námsaðstoð við hæfi til að þeir geti tekið virkan þátt í skólastarfi“ (Reglugerð 584/2010, 10. gr.). Skólustjóri skal óska eftir sérfræðiaðstoð ef þörf er á nánari athugun og greiningu á nemendum. Starfsfólk í sérfræðiþjónustu skal aðstoða starfsfólk skóla við greiningu á nemendum og námsaðstæðum, „veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði“ (Reglugerð 584/2010, 10. gr.). Kveðið er á um samráð skólustjóra og foreldra í 14. grein: „Telji skólustjóri og foreldrar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóla- eða grunnskólagöngu sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan skólans og/eða hvort leitað skuli til sérfræðiþjónustu sveitarfélags eða annarra sérfræðinga“.

Mótsagnir í lögum birtast m.a. í 42. grein grunnskólalaganna (2008) þar sem fjallað er um sérúrræði innan grunnskóla og sérskóla sem möguleika innan skóla án aðgreiningar. Ennfremur má segja að skilgreining á nemendum með sérþarfir, eins og hún birtist í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (585/2010) sé í

mótsögn við almenn markmið um skóla án aðgreiningar. Þar segir t.d. að nemendur með sérþarfir teljast „...þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar [...], nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir“.

Lög um málefni fatlaðra (59/1992) koma ekki inn á grunnskóla eða stefnuna um skóla án aðgreiningar en lögunum er ætlað að „ tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi“ (Lög um málefni fatlaðra 59/1992, 1. gr.). Velferðarráðuneytið sinnir eftirliti með framkvæmd laganna. Í 7. grein segir að ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu skv. almennum lögum á sviði menntunar.

3.4 Sveitarfélög

Sveitarfélögum ber skylda til að veita skólaskyldum börnum í viðkomandi sveitarfélagi sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar skv. 4. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Sérúrræði og sérskólar eru reknir skv. fyrirkomulagi sem sveitarstjórn ákveður skv. 12. grein reglugerðar 585/2010, byggt á 42. grein grunnskólalaga: „Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda“ (Lög um grunnskóla 91/2008).

Í skýrslu Reykjavíkurborgar frá árinu 2012 um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur kemur fram stefna borgarinnar og um leið skyldur sveitarfélagsins og ábyrgð: „Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins“ (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið 2012a:3).

Í stefnunni kemur fram að grunnskólar Reykjavíkur séu án aðgreiningar „þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrundvelli“ (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið 2012a:5). Fjármagni til skóla er ætlað að tryggja skólum aðstæður til að starfrækja kennslu og þjónustu til að mæta þörfum allra nemenda (bls. 34). Skóli getur sótt um sérstakt fjármagn á grundvelli áætlunar um viðbrögð þegar nemendahópur hans vikur verulega frá því sem almennt er, „svo sem varðandi fjölda nemenda af erlendum uppruna, nemenda með þroskaraskanir, erfiðar félagslegar aðstæður og fjölda barnaverndartilkynninga“ (bls. 34).

Nemendur af erlendum uppruna eru oft nefndir í opinberum textum en orðið fjölmening kemur fyrir á nokkrum stöðum í aðalnámskrá grunnskóla (2011 og 2013) en hins vegar kemur hugtakið ekki fyrir í lögum. Á vef Reykjavíkurborgar segir þó að allar stofnanir borgarinnar skuli laga sig að fjölmenningslegu samfélagi þar sem eitt af leiðarljósum sveitarfélagsins sé að „reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, vísýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna“ (<http://reykjavik.is/fjolmenning-0>).

Stefna Reykjavíkurborgar er ennfremur (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið 2012a), að foreldrar mikið fatlaðra barna hafi val um það hvort þeir sendi börn sín í almenna grunnskóla eða sækji um skólavist í sérskóla. Lagt er til að „gætt verði að samræmingu við úthlutun fjármagns vegna nemenda með sambærilegar þarfir í sérskóla og almennum skóla“ þar sem almennir grunnskólar þurfi að hafa forsendur til að veita sambærilega þjónustu og nemandi fengi í sérskóla eða sérdeild, eigi val foreldra að vera virkt (bls. 35-36).

3.5 Samantekt og túlkun

Vísbendar fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu voru þróaðir á vegum Evrópumiðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu árið 2009 (Kyriazopoulou og Weber, 2009). Þeir ná yfir lagasetningu, þátttöku og fjármögnun. Gagnlegt er að skoða íslenska lögjöf með hliðsjón af þessum vísbendum. Rammi þessa verkefnis leyfir þó ekki slíka greiningu nema að litlu leyti. Skilyrði fyrir því að lagasetning styðji við nám

án aðgreiningar eru: 1) samræmi við alþjóðlegar samþykktir; 2) fullt innra samræmi í landslögum; 3) að lagasetning nái til allra menntastiga; 4) að lagasetning nái til menntagæða og faglegrar færni starfsfólks; 5) að áhersla sé á sveigjanleika, fjölbreytileika og jafnræði í öllum menntastofnunum og 6) að lagasetning taki til eftirlits og ábyrgðarpátta innan menntastofnana (bls. 25). Ítarlegir vísbendar eru síðan settir fram um hvert skilyrði.

Varðandi innra samræmi og samræmi við alþjóðsamþykktir (skilyrði 1 og 2) má segja að ekki verði annað séð af yfirlitinu hér að ofan en að vilji löggjafans sé skýr og að nokkuð gott samræmi sé á milli lagatexta og fyrirmæla sem varða skóla án aðgreiningar. Þótt mótsagna gæti á stöku stað til dæmis í reglugerðum þar sem taldir eru upp einstakir hópar nemenda út frá læknisfræðilegum greiningum. Stefnan nær til allra nemenda og skólum er ætlað að skapa aðstæður og námsumhverfi sem hæfir öllum nemendum. Frá sjónarhóli nemenda og foreldra þeirra er réttur til skólagöngu í almennum skólum ótvíræður og að þar sé komið til móts við þarfir þeirra. Sveitarfélögum er þó heimilt að setja upp sérúrræði sé talin þörf á því en það er þó alltaf undir foreldrum komið hvort þeir óska eftir eða þiggja skólavist í slíku úrræði fyrir börn sín. Stefna um fjármögnun byggist fyrst og fremst á því að greina nauðsynleg úrræði frekar en að flokka þá erfiðleika sem nemendur eiga við að etja (Kyriazopoulou og Weber, 2009). Úthlutun fjármagns sem byggist á greiningarflokkum stangast á við þennan vísbendi.

Þegar hins vegar kemur að lagasetningu um menntagæði eða framkvæmd (skilyrði 4 og 5) sem byggir meðal annars á hæfni starfsfólks, innra starfi skólanna og samstarfi menntageirans við önnur kerfi (svo sem heilbrigðiskerfi og félagskerfið) má segja að íslenskt lagaumhverfi styðji ekki nægjanlega við nám án aðgreiningar. Í vísbendum um menntagæði er til að mynda mikil áhersla á að tryggð sé fræðsla um málefni tengd sérkennslu og námi án aðgreiningar í kennaranámi og í símenntun kennara og annarra starfsmanna skóla, að fjármagn og stuðningur verði tryggður til þessa. Ákvæði um þetta er þó ekki að finna í íslensku lagaumhverfi. Einn af vísbendum fyrir skilyrði (5) um sveigjanleika og jafnræði kveður á um að settar hafi verið reglur um þverfaglegt samstarf menntageirans, heilbrigðiskerfis, félagsmálasviða o.fl. Þótt

minnst sé á slíkt samstarf í lögum um grunnskóla (2008, 40. gr.) má segja að rammi um slíkt samstarf í lögum og reglugerðum sé talsvert brotakenndur og óskýr. Á Íslandi stunda engir nemendur nám á vegum heilbrigðiskerfisins eða félagsþjónustunnar. Hins vegar er skortur á reglum um hvernig þessir aðilar koma að því að styðja við menntun barnsins í almennum skólum.

Margt hefur tekist vel í innleiðingu stefnu um skóla án aðgreiningar hér á landi. Hvað varðar heildarlöggjöf (á macro plani) er vilji og áherslur skýrar. Hlutfall nemenda sem stunda nám í sérskólum eða öðrum sérúrræðum hér á landi er með því lægsta sem gerist í Evrópu. Þetta er jákvætt og vekur athygli erlendis en flækir hins vegar vanda kennara í mörgum grunnskólum landsins. Því þarf að stórefla teymisvinnu kennara og annars starfsfólks skólanna og tryggja nauðsynlegan stuðning.

Eigi Ísland að geta uppfyllt ákvæði þessara laga og alþjóðasamþykktu betur en nú er gert þarf að styðja sveitarfélög og skóla til frekari sveigjanleika. Slíkt kallar meðal annars á breytta hugsun, viðhorf, skipulag og vinnubrögð og ennfremur á áherslubreytingar í kennaranámi og símenntun kennara. Ekki er mælt með róttækum breytingum heldur öllu fremur að einstökum skólum og skólahverfum verði gert kleift að vinna áfram róunar- og tilraunastarf sem byggir á hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Stuðningur og ráðgjöf sem skólar og kennarar fá þarf að taka mið af stefnunni þar sem leitast er við að styðja skólana til að finna sína leið.

4 ÍSLENSKAR RANNSÓKNIR Á SKÓLA ÁN AÐGREININGAR

Í þessum kafla er farið í annan verkþáttinn í beiðni starfshópsins sem snýst um birtingarmynd hugtaksins „skóla án aðgreiningar“ í niðurstöðum íslenskra rannsókna.

Markmið þessa verkþáttar er að:

Vinna samantekt yfir niðurstöður rannsókna, úttektir, meistaraprófsritgerðir, doktorsritgerðir, þróunarverkefni og annað efni sem til er um skóla án aðgreiningar og framkvæmd skólastarfs innan þeirrar hugmyndafræði.

Fyrst er farið í gegnum framkvæmd samantektar, hugmyndafræðilega nálgun og skilgreiningar á skóla án aðgreiningar, viðfangsefni rannsókna og aðferð og gerð ritverka. Þar á eftir eru tekin saman tímabil skilgreininga á skóla án aðgreiningar eins og þau birtast einnig í lögum, reglugerðum og alþjóðasamþykktum. Þá er reynt að draga ályktanir um framkvæmd stefnunnar. Að lokum er útgefið og birt efni tekið saman í samhengi við lagaumhverfi og stefnu hvers tíma um skóla án aðgreiningar.

4.1 Framkvæmd

Starfsfólk Menntavísindastofnunar fékk afhentan heimildalista frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem unninn hafði verið fyrir starfshópin um rannsóknir sem tengdust efninu. Fjörtíu heimildir voru á listanum en eftir efnislega yfirferð var einungis 16 heimildum haldið eftir en 174 heimildum bætt við. Stuðst var við ritaskrá um *Skóla fyrir alla* sem tekin var saman af Jóhönnu Karlsdóttur árið 2010 vegna rannsóknar hennar á viðfangsefninu. Auk þess var farið kyrfilega yfir ritaskrár og efni þeirra fræðimanna og höfunda sem hafa látið til sín taka á þessum vettvangi. Ennfremur var stuðst við ábendingar fræðimanna um eigið efni. Farið var yfir efnið með kerfisbundnum hætti.

Efnið sem haldið var inni fyrir greiningarvinnu var afmarkað við umfjöllun tengda skóla án aðgreiningar í grunnskólum og var birt að mestu eftir árið 1984. Stór áhrifaþáttur á fræðileg skrif um efnið var þegar Ísland varð aðili að *Salamanca* yfirlýsingunni árið 1994. Rit sem safnað var saman voru fræðiritgerðir, fræðigreinar, ráðstefnugreinar, samantektir, yfirlitsgreinar, matsgreinar og svo framvegis. Heimildir voru skráðar í þar til gerðan gagnagrunn í Qualtrics forritinu. Alls var skráð 221 færsla í gagnagrunninn en ákveðið var að útiloka BA/BEd. ritgerðir og fræðileg

erindi sem ekki hafa verið gefin út sem og fyrirlestra og greinar dagblaða. Eftir stóðu 190 færslur með efni um skóla án aðgreiningar og/eða sérkennslu í almennum skólum þar sem hugtakið er notað en tengt við tilteknar greiningar eða merkimiða.

Til að lýsa inntaki heimilda voru þær allar flokkaðar eftir því hvernig skóli án aðgreiningar var skilgreindur, auk þess eftir viðfangsefni, aðferð, hver framkvæmdi og gerð ritverks. Ennfremur var skráð stuttlega hvað niðurstöður eða efnistöð höfðu að segja um skóla án aðgreiningar.

Útgefið og birt efni var að lokinni skráningu tekið saman eftir útgáfuári í samhengi við lagaumhverfi, stefnu og reglugerðir hvers tíma um skóla án aðgreiningar. Birtingartímabilinu var skipt í fjögur skilgreind tímabil. Fyrsta tímabilið (1989-1993) snerist um umræður um blöndun sem á rætur sínar að rekja til þeirra hugmynda að með því að setja saman fötluð og ófötluð börn í skóla og bekk og kenna þeim saman mætti tryggja öllum aðgang að sömu stöðum og aðstæðum (sbr. skilgreining 1.3.). Annað tímabilið (1994-2001) markaðist af *Salamanca* yfirlýsingunni og dreifingu hennar í alla grunnskóla á landinu árið 1995. Þriðja tímabilið (2002-2011) er kennt við skóla án aðgreiningar en á þessu tímabili varð stefnubreyting í Reykjavík sem byggðist á skóla án aðgreiningar (sbr. skilgreining 1.1.). Árið 2008 var skóli án aðgreiningar festur í lög. Síðasta tímabilið (2012-2014) er kallað skóli margbreytileikans í samræmi við stefnubreytingar í hugtakanotkun um skóla án aðgreiningar (sbr. skilgreining 1.1.1.). Hvert tímabil er síðan skoðað með tilliti til hversu mikið var birt á tímabilinu, hvernig nálgun við skóla án aðgreiningar birtist í umfjöllun og hver helstu viðfangsefni voru.

4.2 Hvernig er skóli án aðgreiningar skilgreindur?

Viðfangsefni skóla án aðgreiningar eru margvísleg og víða hægt að grípa niður. Greina má á umfjöllun heimildanna að hugtakið skóli án aðgreiningar er ekki alltaf skilgreint á sama hátt. Oft virðist misskilningur ríkja meðal kennara um að skóli án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám sé eitt og hið sama (Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Hugtökin eru þó tengd um margt sem varðar framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Heimildir voru aðgreindar og flokkaðar sérstaklega eftir því hvernig hugtakið skóli án aðgreiningar

var skilgreint. Við lok greiningar stóðu eftir fimm flokkar sem heimildirnar voru flokkaðar í eftir því hvernig var fjallað um hugtakið: a) fjallað um einstaklingsmiðað nám (sbr. skilgreining 1.12), b) læknisfræðileg nálgun (sbr. skilgreining 1.4.), c) skrifað um reglugerðir og stefnumál skóla án aðgreiningar, d) skóli án aðgreiningar (sbr. skilgreining 1.1.) og að lokum e) blönduð nálgun þegar skilgreining á hugtaki féll í fleiri en einn af flokkunum að einhverju leyti (sjá töflu 1).

Tafla 1 Efni flokkað eftir skilgreiningu á hugtakinu skóli án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Einstaklingsmiðað nám	10	5%
Læknisfræðileg nálgun	19	10%
Reglugerðir og stefnumál	8	4%
Skóli án aðgreiningar	127	67%
Blönduð nálgun	26	14%
Samtals	190	100%

Eins og fram kemur í töflu 1 snýst umfjöllun oftast um skóla án aðgreiningar (sbr. skilgreiningu 1.1.), en einnig er þó nokkuð um blandaða nálgun þar sem efnisleg umfjöllun getur verið á mörkum tveggja eða fleiri flokka.

Taka verður tillit til þess að umfjöllun um fjölmenningu eða menningarlegan margbreytileika fellur undir alla þessa flokka. Fjölmennungur rennur svo í sameiginlegan farveg með skóla margbreytileikans og fræðimenn fara frekar að huga að þessum þáttum út frá skilgreiningu á skóla margbreytileikans.

4.3 Viðfangsefni rannsókna

Efni var skráð enn frekar eftir viðfangsefni eða útgangspunkti í umfjöllun og flokkað í eftirfarandi níu efnisflokkum: a) Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar, b) skólinn sem stofnun og samfélag, c) umfjöllun tengd foreldrum barna, d) umfjöllun tengd kennurum eða börnum, e) blandaður flokkur til að mynda bæði sjónarhorn foreldra, kennara og/eða barna, f) lýðræði í skólum og félagslegt réttlæti, jöfnuður og virk þátttaka, til að mynda sjónarhorn á fjölmenningu eða á íslensku sem annað

tungumál og að lokum, g) viðhorf, sjónarhorn og stuðningur við annað fagfólk í grunnskólum (sjá töflu 2).

Tafla 2 Viðfangsefni umfjöllunar um skóla án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar	19	10%
Skólinn sem stofnun og samfélag	11	6%
Foreldrar	7	4%
Kennarar	61	32%
Börn	24	13%
Blandað viðfangsefni	39	21%
Lýðræði í skólum, félagslegt réttlæti, jöfnuður og þátttaka	24	13%
Annað fagfólk í skólum	5	3%
Samtals	190	100%

Umfjöllun um skóla án aðgreiningar tekur í flestum tilvikum til starfa kennara og kennslu, viðhorfa og stuðnings út frá sjónarhorni kennarans. Allnokkuð hefur verið fjallað um skóla án aðgreiningar út frá blönduðu sjónarhorni foreldra, kennara og barna. Einnig hefur sjónum verið beint að börnum og lýðræði í skólum. Lítið er um rannsóknir eða efni sem snýr beint að foreldrum barna í grunnskólum og öðru fagfólki í skólunum.

4.4 Aðferð og gerð ritverka

Ef um rannsóknir var að ræða var aðferð skráð eftir því hvort um var að ræða meginlega aðferð, eigindlega eða blöndu af þessum tveimur eftir því sem við átti. Í 98 rannsóknum var beitt eigindlegri aðferð við gagnaöflun, í 25 rannsóknum var notuð meginleg aðferð, í 12 rannsóknum var notuðu blanda af þessum tveimur aðferðum við gagnaöflun. Um var að ræða 140 rannsóknir eða fræðigreinar, 26

meistararitgerðir og eina doktorsritgerð⁵. Í safninu eru 15 skýrslur á vegum sveitarfélaga og aðrir bera ábyrgð á átta ritverkum.

⁵ Fjórar doktorsritgerðir hafa verið ritaðar um málaflokkinn, en þrjár þeirrar eru flokkaðar sem fræðigreinar hér, þar sem þær hafa verið gefnar út sem bækur. Fimmta doktorsritgerðin (Hermína Gunnþórsdóttir) kom út í júní, eftir að skýrsluskrifum lauk.

5 TÍMABIL

5.1 Blöndun 1989-1993

Á árunum 1989 til 1993 var lítið um útgefið efni sem tengist hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Á tímabilinu voru gefnir út fjórir titlar: tvær fræðigreinar, ein rannsókn og svo kennsluefni tengt blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Hugtakið skóli án aðgreiningar var lítið notað og einkum stuðst við hugtakið blöndun. Skóli án aðgreiningar var ekki skilgreindur á sama hátt í öllum tilfellum. Eins og sjá má í töflu 3 var í 50% tilfella fjallað um skóla án aðgreiningar og í 50% tilfella var fjallað um hugtakið út frá læknisfræðilegri nálgun, en sú nálgun samræmist ekki skilgreiningum á hugtakinu.

Tafla 3. Efni 1989-1993 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Læknisfræðileg nálgun	2	50%
Skóli án aðgreiningar	2	50%
Samtals	4	100%

Viðfangsefni fræðigreinnanna var mismunandi og ekki hægt að greina sérstaka áherslu á eitt viðfangsefni frekar en annað. Í töflu 4 kemur fram skipting greina eftir viðfangsefni. Hugmyndafræðin sem liggur að baki skóla án aðgreiningar var viðfangsefni í 25% tilfella. Viðhorf kennara, stuðningur, aðstæður og sjónarhorn þeirra var útgangspunktur í 25% fræðigreinnanna. Í 25% af greinunum var viðfangsefnið blandað og börn voru viðfangsefnið í 25% af greinunum.

Tafla 4. Efni 1989-1993 flokkað eftir viðfangsefni

	Fjöldi	Hlutfall
Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar	1	25%
Kennarar	1	25%
Börn	1	25%
Blandað viðfangsefni	1	25%
Samtals	4	100%

Í töflu 5 kemur fram skipting heimilda eftir skilgreiningu og viðfangsefni. Í fræðigreininni sem fjallaði um kennara var skilgreiningin skóli án aðgreiningar notuð, en sú skilgreining var einnig notuð í greininni sem fjallaði um hugmyndafræðina sem liggur að baki skóla án aðgreiningar. Í fræðigreininni sem fjallaði um börn var skóli án aðgreiningar skilgreindur út frá læknisfræðilegri nálgun. Þessi skilgreining var einnig notuð í greininni sem hafði blandað viðfangsefni.

Tafla 5. Efni 1989-1993 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar og viðfangsefni

	Hugmyndafræði	Kennarar	Börn	Blandað viðfangsefni	Samtals
Læknisfræðileg nálgun			1	1	2
Skóli án aðgreiningar	1	1			2
Samtals	1	1	1	1	4

Skortur á útgefnu efni er eitt helsta einkenni tímabilsins. Hugtakið blöndun var algengara en skóli án aðgreiningar. Í fræðasamfélaginu var tekist á um það hvort blöndun fatlaðra og ófatlaðra nemenda væri almennt til góðs. Óttast var að fatlað fólk yrði frekar útundan við slíkar aðstæður og að blandaðir bekkir myndu leiða til þess að erfiðara yrði að nýta tímann og bestu fánlegu kunnáttu fagfólks. Það sem einnig einkennir tímabilið er að umfjöllun um fjölmenningu og íslensku sem annað tungumál hefur ekki hafist merkjanlega innan samfélagsins.

5.2 Salamanca yfirlýsingin 1994-2001

Salamanca yfirlýsingin var staðfest árið 1994. Hún var þýdd af menntamálaráðuneytinu og dreift í alla grunnskóla árið 1995, ásamt aðgerðaáætlun og fylgt eftir með sérstakri ráðstefnu. Eftir að Salamanca yfirlýsingin var staðfest jókst umfjöllun um skóla án aðgreiningar og hugtakið var notað í auknum mæli. Ekki virðist þó hafa verið samstaða um skilgreiningu á hugtakinu. Í töflu 6 kemur fram flokkun heimilda eftir skilgreiningu á hugtakinu skóli án aðgreiningar. Alls voru 24 titlar útgefnir sem fjölluðu um skóla án aðgreiningar á þessu tímabili. Um var að ræða 22 rannsóknir og tvær skýrslur frá sveitarfélögum. Í 62,5% af heimildunum var hugtakið skilgreint sem skóli án aðgreiningar samanber skilgreiningu 1.1. hér að framan. Í 20,8% heimilda var hugtakið skilgreint út frá blandaðri nálgun, í 12,5% skipta í tengslum við einstaklingsmiðað nám og í 4,2% tilfella var notuð læknisfræðileg nálgun.

Tafla 6 Efni 1994-2001 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Einstaklingsmiðað nám	3	12,5%
Læknisfræðileg nálgun	1	4,2%
Skóli án aðgreiningar	15	62,5%
Blönduð nálgun	5	20,8%
Samtals	24	100%

Í töflu 7 má sjá skiptingu heimilda eftir viðfangsefni. Algengasta viðfangsefnið var viðhorf, stuðningur eða sjónarhorn kennara eða í 33% heimilda. Í 25% af efninu var viðfangsefnið blandað, 17% efnisins fjallaði um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og 17% um skólann sem stofnun og samfélag. Í 4% af heimildunum var fjallað um foreldra og í 4% var umfjöllunarefnið lýðræði í skólum.

Tafla 7 Efni 1994-2001 flokkað eftir viðfangsefni

	Fjöldi	Hlutfall
Hugmyndafræði	4	17%
Skólinn sem stofnun og samfélag	4	17%
Foreldrar	1	4%
Kennarar	8	33%
Blandað viðfangsefni	6	25%
Lýðræði í skólum	1	4%
Samtals	24	100%

Í töflu 8 eru heimildir flokkaðar eftir viðfangsefni og skilgreiningu. Af þeim heimildum sem fjölluðu um viðhorf, stuðning eða sjónarhorn kennara voru þrjár heimildir sem skilgreindu viðfangsefnið út frá hugtakinu skóli án aðgreiningar sbr. skilgreiningu 1.1. Þrjár heimildir nálgust viðfangsnefið út frá einstaklingsmiðuðu námi, en tvær heimildir notuðu blandaða nálgun. Af þeim heimildum sem höfðu blandað viðfangsefni var ein sem skilgreindi viðfangsefnið út frá læknisfræðilegri nálgun, þrjár skilgreindu það út frá skóla án aðgreiningar, en tvær notuðu blandaða nálgun eða voru á mörkum tvenns konar nálgunar. Heimildin sem fjallaði um lýðræði í skólum notaði skilgreininguna skóli án aðgreiningar líkt og í 1.1. Sömuleiðis heimildirnar fjórar sem fjölluðu um hugmyndafræðina að baki skóla án aðgreiningar. Af þeim heimildum sem fjölluðu um skólann sem stofnun og samfélag voru þrjár sem studdust við skilgreininguna skóli án aðgreiningar og ein heimild notaði blandaða nálgun.

Tafla 8 Efni 1994-2001 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar og viðfangsefni

	Hugmyndafræði	Skólinn sem stofnun og samfélag	Foreldrar	Kennarar	Blandað viðfangsefni	Lýðræði í skólum	Samtals
Einstaklingsmiðað nám				3			3
Læknisfræðileg nálgun					1		1
Skóli án aðgreiningar	4	3	1	3	3	1	15
Blönduð nálgun		1		2	2		5
	4	4	1	8	6	1	24

Raddir kennara, sérkennsla og sérúrræði standa helst upp úr í umræðu þessa tímabils. Mikil áhersla er lögð á sérþarfir nemenda í skóla án aðgreiningar,

sérkennslu og úrræði kennarans á þessu tímabili. Óhjákvæmilega er rætt um fjölda þeirra nemenda sem fá sérkennslu og umfang sérkennslunnar. Einnig kemur fram að viðbrögð í umhverfi nemandans við sérþörfum hans feli í sér stimulun barnsins og leiði í raun til aðgreiningar þar sem börn eru tekin út úr bekk til að sinna skilgreindum sérþörfum þeirra. Skrifað er um aðferðir og grundvöll innleiðingar skóla án aðgreiningar. Viðhorf og raddir kennarans í þessu samhengi eru áberandi. Einnig er rædd hugmyndafræði skóla án aðgreiningar sem grundvallarmannréttindi og samfélagslegt sjónarhorn á breytileika mannlífsins. Nokkuð er skrifað um skóla án aðgreiningar sem einstaklingsmiðað nám, á þann hátt að höfuðáhersla er lögð á rétt einstaklingsins, vöxt og þroska hvers og eins á eigin forsendum og hvernig kennsla mætir þessum þörfum. Kennsluaðferðir og námsefnisgerð vege nokkuð þungt í umræðunni.

5.3 Skóli án aðgreiningar 2002-2011

Á árunum 2002-2011 varð mikil aukning í útgáfu á efni sem tengdist skóla án aðgreiningar. Í heild voru gefnir út 123 titlar (113 fræðigreinar og 10 skýrslur). Á þessu tímabili var farið að beita hugtakinu skóli án aðgreiningar í auknum mæli, þó ekki alltaf skilgreint með sama hætti. Í töflu 9 kemur fram skipting heimilda eftir skilgreiningu á hugtakinu. Í 69% af heimildum notuð skilgreiningin skóli án aðgreiningar (sbr. 1.1) og í 12% var efnið skilgreint út frá blandaðri nálgun. Í um 11% tilvika var stuðst við læknisfræðilega nálgun á viðfangsnefninu, en í 5% af heimildunum var umfjöllunarefnið skilgreint út frá settum lögum, reglugerðum og stefnum. Í fæstum tilfellum var viðfangsefnið skilgreint sem einstaklingsmiðað nám, eða aðeins í um 3% tilvika.

Tafla 9. Efni 2002-2011 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Einstaklingsmiðað nám	4	3%
Læknisfræðileg nálgun	13	11%
Reglugerðir og stefnumál	6	5%
Skóli án aðgreiningar	85	69%
Blönduð nálgun	15	12%
Samtals	123	100%

Í töflu 10 má sjá skiptingu heimilda eftir viðfangsefni. Algengasta viðfangsefnið var viðhorf, stuðningur eða sjónarhorn kennara eða 31% heimilda. Í 19% af efninu var viðfangsefnið blandað, 11% fjallaði um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og 4% um skólann sem stofnun og samfélag. Börn voru umfjöllunarefni 15% heimildanna. Í 3% af heimildum var fjallað um foreldra og í 13% um lýðræði í skólum. Heimildirnar sem fjölluðu um annað fagfólk í skólum voru 4% af heildarfjölda heimilda á þessu tímabili.

Tafla 10. Efni 2002-2011 flokkað eftir viðfangsefni

	Fjöldi	Hlutfall
Hugmyndafræði	13	11%
Skólinn sem stofnun og samfélag	5	4%
Foreldrar	4	3%
Kennarar	38	31%
Börn	19	15%
Blandað viðfangsefni	23	19%
Lýðræði í skólum	16	13%
Annað fagfólk í skólum	5	4%
Samtals	123	100%

Í töflu 11 eru viðfangsefni flokkuð eftir því hvernig hugtakið skóli án aðgreiningar er skilgreint. Í 30 heimildum sem fjölluðu um kennara var fjallað um hugtakið sem skóla án aðgreiningar skv. skilgreiningu 1.1. Í fjórum heimildum var fjallað um það út frá reglugerðum og stefnumálum, í tveimur heimildum sem einstaklingsmiðað nám og í tveimur heimildum út frá blandaðri nálgun.

Í 15 heimildum sem höfðu blandað viðfangsefni var fjallað um skóla án aðgreiningar. Í þremur heimildum var hugtakið skilgreint út frá blandaðri nálgun, í fjórum út frá læknisfræðilegri nálgun og loks í einni heimild út frá reglugerðum og stefnumálum. Af þeim heimildum sem fjölluðu um börn voru tíu sem skilgreindu hugtakið út frá skóla án aðgreiningar. Í sex heimildum var hugtakið skilgreint út frá læknisfræðilegri nálgun, í tveimur út frá blandaðri nálgun og aðeins í einni út frá einstaklingsmiðuðu námi. Heimildir sem voru um lýðræði í skólum og félagslegt réttlæti skilgreindu hugtakið út frá skóla án aðgreiningar í 15 skipti. Aðeins ein heimild notaði blandaða nálgun í skilgreiningu.

Í umfjöllun um hugmyndafræðina sem liggur að baki skóla án aðgreiningar var hugtakið skilgreint sem skóli án aðgreiningar (sbr. 1.1) í 11 heimildum. Í einni heimild var það skilgreint út frá reglugerðum og stefnumálum og einni heimild með vísun í einstaklingsmiðað nám. Í heimildum um annað fagfólk í skólum var hugtakið skilgreint sem skóli án aðgreiningar í þremur heimildum, en í tveimur út frá læknisfræðilegri nálgun.

Þegar viðfangsefnið var skólinn sem stofnun og sem samfélag var algengast að hugtakið væri skilgreint sem skóli án aðgreiningar eða í þremur heimildum. Í einni heimild var það skilgreint út frá blandaðri nálgun og í einni út frá læknisfræðilegri nálgun. Ein heimild sem hafði foreldra sem útgangspunkt fjallaði um hugtakið sem skóli án aðgreiningar, en þrjár út frá blandaðri nálgun.

Tafla 11. Efni 2002-2011 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar og viðfangsefni

	Hugmyndafræði	Skólinn sem stofnun og samfélag	Foreldrar	Kennarar	Börn	Blandað viðfangsefni	Lýðræði í skólum	Annað fagfólk í skólum	Samtals
Einstaklingsmiðað nám	1			2	1				4
Læknisfræðileg nálgun		1			6	4		2	13
Reglugerðir og stefnumál	1			4		1			6
Skóli án aðgreiningar	11	3	1	30	10	15	15		85
Blönduð nálgun		1	3	2	2	3	1	3	15
Samtals	13	5	4	38	19	23	16	5	123

Meginniðurstöður eru að á tímabilinu hefur útgefið efni um skóla án aðgreiningar vaxið ásamt því að notkun hugtaksins skóli án aðgreiningar verður algengari⁶. Sá flokkur viðfangsefnis sem er veigamestur á tímabilinu snýr að kennurum. Meðal annars er fjallað um aukið álag á kennara samhliða fjölbreyttari nemendahópum. Einnig að úrræði skorti til að takast á við þær kröfur sem stefna um skóla án aðgreiningar gerir til kennara meðal annars vegna fjárskorts og lélegs aðgengis að námsefni. Sumum kennurum fannst framkvæmdin um skóla án aðgreiningar ekki ganga upp í öllum tilvikum. Auk þess kom fram að kennarar njóta sín ekki í starfi vegna erfiðra nemenda og nemendur sem fer minna fyrir gleymast stundum í amstri dagsins.

Fram kom að auka þyrfti færni kennara og leggja meiri áherslu á fagleg gildi og viðhorf. Mikilvægt væri að virða fjölbreytileika á meðal nemenda þar sem líta bæri á fjölbreytileika sem mannauð og menntunarauka. Kennurum bæri að stunda símenntun, en endurskoðun á menntun kennara skyldi vera hluti af víðtækri kerfisbreytingu sem stuðli að framgangi stefnunnar.

Á umfjölluninni má greina að traust á milli allra aðila skiptir höfuðmáli. Kennarar upplifa stundum að samskipti við foreldra geti verið erfið, en samvinna skóla og fjölskyldna hafi lykiláhrif á hvernig börnum reiði af í skólanum. Sumir nemendur upplifi að grunnskólinn hafni þeim. Hlutverk kennara og foreldra voru talin afgerandi í að móta hegðun og viðhorf barna til skólastarfsins.

Talsvert var fjallað um börn. Fram kom að þau nýti ekki hæfileika sína til fulls í skólanum. Líta verði til þess að hæfileikar liggi á ólíkum sviðum. List- og verkgreinar þurfi að fá sess og virðingu ekki síður en bóklegar greinar til að nemendur njóti styrks síns. Þá varð tíðrætt um að skólinn ætti erfitt með að stuðla að félagslegum samskiptum nemenda með og án fötlunar. Tilhneiging getur verið til að byggja upp veggj á milli þeirra sem eru með tilteknar fatlanir eða námserfiðleika og hinna. Þetta á líka að hluta til við um börn sem eru af erlendum uppruna. Ljóst er að fræðilegt efni

⁶ En fræðimenn leggja afar mismunandi merkingu í hugtakið og virðist það oft notað yfir sérkennslu í anda læknisfræðilegrar nálgunar.

hefur ekki verið miðað við raddir barnana sjálfra, heldur meira við umhverfið og kennarann.

Fram kemur í greinunum að mikilvægt sé að efla rannsóknarstarf á sviði menntamála hér á landi og auka þverfaglega samvinnu. Stuðla þurfi að auknu þróunarstarfi í skólum með þátttöku allra sem hlut eiga að máli. Nauðsynlegt sé að skilgreina hugtök. Ólíkur skilningur þeirra sem að málinu koma⁷ geti valdið ósamstöðu um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar.

Auk þess var fjallað um að innleiðing stefnu um skóla án aðgreiningar hafi ekki gengið eins og vonir stóðu til. Taka þurfi tillit til þess að stefnur sem slíkar gangi kannski aldrei alveg upp heldur breytist áherslur og þróist, og skilningur á þeim sé mismunandi. Þó er talið að við séum komin vel á veg með að mæta margbreytileika nemenda miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við. Stefnan er mannúðleg og réttlát en framkvæmdin er ekki alltaf auðveld⁸. Fyrri starfshættir og skipulag eru rótgróin og mynda öfl sem stuðla frekar að flokkun nemenda og aðgreiningu heldur en að vinna gegn því. Ef markmiðið er að hafa afgerandi áhrif á þróun skólustarfs í átt að skóla án aðgreiningar þarf að greina og draga úr þeim hindrunum sem skipulag skóla, náms og kennslu hefur í för með sér. Mikilvægt er að skólaganga miðist við mannlegan breytileika frá upphafi. Samfélagið þarf að vera tilbúið að mæta þörfum hvers skóla og þeirra nemenda sem eru í námi á hverjum tíma, hvort sem er í formi aðbúnaðar, mannafla eða menntunar. Til staðar þarf að vera staðföst trú á því að það séu grundvallarmannréttindi að njóta menntunar.

5.4 Skóli margbreytileikans 2012-2014

Alls fjallaði 39 heimild um skóla án aðgreiningar á þessu tímabili. Af þessum 39 heimildum voru 20 rannsóknir, 16 meistararitgerðir og þrjár skýrslur. Í flestum heimildunum var viðfangsefnið nálgast út frá skilgreiningu um skóla án aðgreiningar

⁷ Svo sem kennara, starfsfólks skóla, foreldra og embættismanna. Þetta getur valdið því að fólk tali og skrifi í mótsögn við skilgreiningar og hvert við annað.

⁸ Huga þarf að því að fækka þeim þáttum sem hamla eða hindra þátttöku nemenda í skólasamfélaginu og valda því að tilteknir nemendur einangrist og verði útilokaðir.

(sbr. 1.1) eða 64% tilfella, þar með taldar greinar sem tengjast fjölmenningslegri umræðu (sjá t.d. Hönnu Ragnarsdóttur og Börk Hansen, 2014). Í 15% heimildanna var umfjöllunin skilgreind út frá blandaðri nálgun, en í 8% tilfella var fjallað um skóla án aðgreiningar út frá einstaklingsmiðuðu námi. Stuðst var við læknisfræðilega nálgun í 8% af heimildunum. Í 5% af heimildum var viðfangsefnið nálgast út frá reglugerðum og stefnumálum í skóla án aðgreiningar (sjá töflu 12).

Tafla 12 Efni 2012-2014 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar

	Fjöldi	Hlutfall
Einstaklingsmiðað nám	3	8%
Læknisfræðileg nálgun	3	8%
Reglugerðir og stefnumál	2	5%
Skóli án aðgreiningar	25	64%
Blönduð nálgun	6	15%
Samtals	39	100%

Í töflu 13 kemur fram viðfangsefni heimildanna á þessu tímabili. Viðhorf, stuðningur eða sjónarhorn kennara var viðfangsefni 36% heimildanna. Fjallað var um lýðræði í skólum í 18% tilfella og 23% heimilda höfðu blandað viðfangsefni. Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar var viðfangsefni 3% heimildanna og 5% fjölluðu um skólann sem stofnun og samfélag. 5% af efninu fékkst við viðhorf, stuðning og sjónarhorn foreldra og 10% við börn.

Tafla 13 Efni 2012-2014 flokkað eftir viðfangsefni.

	Fjöldi	Hlutfall
Hugmyndafræði	1	3%
Skólinn sem stofnun og samfélag	2	5%
Foreldrar	2	5%
Kennarar	14	36%
Börn	4	10%
Blandað viðfangsefni	9	23%
Lýðræði	7	18%
Samtals	39	100%

Í töflu 14 eru viðfangsefni heimildanna flokkuð eftir því hvernig skilgreiningu var stuðst við í umfjölluninni. Í 10 heimildum sem fjölluðu um viðhorf, stuðning og sjónarhorn kennara var notuð skilgreiningin skóli án aðgreiningar. Í einni heimildinni var stuðst við skilgreiningu út frá reglugerðum og stefnumálum. Ein heimild skilgreindi viðfangsefnið út frá einstaklingsmiðuðu námi en tvær heimildir út frá blandaðri nálgun.

Í sex heimildum sem höfðu blandað viðfangsefni var notuð skilgreiningin skóli án aðgreiningar. Ein heimild skilgreindi viðfangsefnið út frá einstaklingsmiðuðu námi, en tvær út frá læknisfræðilegri nálgun.

Í tveimur heimildum sem höfðu börn að viðfangsefni var notuð skilgreiningin skóli án aðgreiningar. Í annarri heimildinni var viðfangsefnið skilgreint út frá læknisfræðilegri nálgun, en í hinni út frá blandaðri nálgun. Af þeim heimildum sem fjölluðu um lýðræði í skólum og félagslegt réttlæti voru fimm sem skilgreindu viðfangsefnið út frá skóla án aðgreiningar. Tvær heimildir skilgreindu viðfangsefnið út frá blandaðri nálgun.

Heimildin sem fjallaði um hugmyndafræðina sem liggur að baki skóla án aðgreiningar skilgreindi hugtakið sem skóli án aðgreiningar. Tvær heimildir fjölluðu um skólann sem stofnun og samfélag. Önnur þeirra skilgreindi viðfangsefnið út frá skóla án aðgreiningar en hin út frá blandaðri nálgun. Tvær heimildir höfðu viðhorf, stuðning og sjónarhorn foreldra sem útgangspunkt og skilgreindi önnur þeirra viðfangsefnið út frá skóla án aðgreiningar en hin skilgreindi það út frá einstaklingsmiðuðu námi.

Tafla 14 Efni 2012-2014 flokkað eftir skilgreiningu á skóla án aðgreiningar og viðfangsefni

	Hugmyndafræði	Skólinn sem stofnun og samfélag	Foreldrar	Kennarar	Börn	Blandað viðfangsefni	Lýðræði í skólum	Samtals
Einstaklingsmiðað nám			1	1		1		3
Læknisfræðileg nálgun					1	2		3
Reglugerðir og stefnumál				1				2
Skóli án aðgreiningar	1	1	1	10	2	6	5	25
Blönduð nálgun		1		2	1		2	6
	1	2	2	14	4	9	7	39

Mikið var rætt um úrræði kennara vegna sértækra vandamála nemenda eins og hegðunarvanda og mikil áhersla lögð á að koma þurfi til móts við sértækar þarfir nemenda (hér er um að ræða læknisfræðilega nálgun, þar sem vandinn er staðsettur í barninu). Einnig ber nokkuð á umræðu um hvernig skólastarfi skuli háttað til að stuðla að farsælu skipulagi í fjölmenningslegu skólastarfi.

Raddir og sýn nemandans og upplifun á hvernig er að vera nemandi í sérkennslu og sem slíkur aðgreindur frá öðrum nemendum í skólastarfinu var tekið fyrir í rannsóknunum. Nemendur upplifðu það jákvætt á meðan á því stóð en eftir á að hyggja hafði aðgreiningin neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra flestra.

Áhersla er lögð á að á að almenni skólinn endurskoði sífellt þau gildi sem hann hefur í heiðri, að tryggður sé möguleiki á samþættu skólastarfi og að aukið rými sé fyrir börn með fötlun til þátttöku í skólastarfi. Einnig er talið mikilvægt að almenni skólinn hlusti á reynslu foreldra allra barna óháð aðstæðum eða séreinkennum, og læri af reynslu þeirra þannig að skólinn geti í starfi sínu komið til móts við sjónarmið þeirra og þarfir barnanna á sem víðtækastan hátt. Foreldrar undrast að barn þurfi greiningu til þess að fá stuðning í skóla.

Skortur er talinn á stuðningi við kennara til að starfa í skóla án aðgreiningar og þörf talin á stuðningi til starfsþróunar. Kennarar vilja geta tekið tillit til margbreytilegra þarfa í skólastarfi en óöryggi og úrræðaleyfi kennara er staðreynd sem þarf að taka tillit til. Kennarar lýsa áhyggjum sínum og úrræðaleyfi til að takast á við hegðunarvanda nemenda. Sérkennarar hafa á hinn bóginn jákvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar og telja sig vinna eftir stefnunni. Þó stangast það á við grundvallarhugmyndir sem skólastefnan byggir á, að margir sérkennarar kenna „sínun nemendum“ í sérkennslustofum. Fjallað var um þróun jafnréttis í skólum og hvað ógni áherslum í jafnræði og hvernig það hafi haft áhrif á reglugerðir og stefnumál.

Fram kemur að skólastefnan sjálf sé umdeild og takmarkaður skilningur virðist vera á því hvað skóli án aðgreiningar í raun merki. Umræðan einkennist af deilum um velferðarþjónustu, aðstoð við tiltekna hópa nemenda fremur en að áhersla sé lögð á að hver og einn eigi sín lágmarksréttindi og ryðja þurfi burt hindrunum í skólastarfinu

sem færa börn út að jaðri skólans eða í önnur úrræði svo sem sérdeildir eða sérskóla. Þörf sé á gagnrýninni sýn og hvetjandi umræðu sem snerti öll svið skólastarfsins til að iðka megi jafnrétti. Til þess að staðfesta margbreytileika nemenda verði að vera hægt að brjóta upp hefðbundnar kennsluaðferðir og nota fjölbreyttar aðferðir þannig að hæfileikar allra fái að blómstra og allir nemendur fái notið sín. Til þess að undirbyggja grunngildi og sýn skóla án aðgreiningar verði það að koma fram í skipulagi skólans, kennslu og námsmati sem og í skólastarfinu hjá hverjum og einum sem þar starfar.

6 HEIMILDIR

- Alberta Tulinius. 2010. **Stuðningur við kennara**. M.Ed. ritgerð Menntavísindasvið, Háskóli Íslands.
- Amalía Björnsdóttir, Dóra S. Bjarnason og Rannveig Klara Matthíasdóttir. 2013. **Skóli án aðgreiningar. Viðhorf sérkennara í grunnskólum til stefnunnar skóli án aðgreiningar**. Glæður 23, bls. 58-68.
- Anna Björk Sverrisdóttir. 2010. **"Hvað getur skólinn gert meira?" Lífssögurannsókn með ungu fólki sem hefur átt erfitt uppdráttar í grunnskóla**. MA ritgerð Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Anna Ingeborg Pétursdóttir, Auður Hrólfsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. 2000. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). **Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur. Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd**. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. 2014. **The develoment of a school for all in Iceland Equality, threats and political conditions**. Í Ulf Blossing, Gunn Imsen og Leifj Moos (ritstj.). The Nordic Educational model: A School for All Encounters Neo-Liberal Policy. Dordrecht: Springer.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. 2011. **Kennaramenntun og kennsla nemenda með sérþarfir**. Glæður. 21, bls.41-44.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. 2010. **School-university partnership in teacher education for inclusive education**. Journal of Research in Special Education Needs. 10(1), bls. 149-156.
- Anna Lind Pétursdóttir. 2013. **Tools for inclusion: Functional behavioral Assessment and Behavior support Plans**. Erindi á alþjóðlegri ráðstefnu Nordic Education Research Association, Reykjavík.
- Anna Lind Pétursdóttir, Lucinda Árnadóttir og Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir. 2012. **Úr sérúrræði í almenna skólastofu: virknimat og stuðningsáætlun sem verkfæri í skóla án aðgreiningar**. Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2012. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Ásdís Ýr Arnardóttir. 2011. **Óhreinu börnin hennar Evu: Um samspil skóla án aðgreiningar og ADHD**. MA ritgerð, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.
- Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir. 2008. **Hvað segja foreldrar um skólastarf? Niðurstöður rýnihópa vor 2007**. Reykjavík: Reykjavíkurborg, Menntasvið.
- Ásta María Þorkelsdóttir. 2013. **Ég heyri það sem þú segir en ég skil þig ekki: Upplifun og reynsla grunnskólakennara af kennslu nemenda með sértæka málþroskahömlun í skóla án aðgreiningar**. M.Ed. ritgerð Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 1989.

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

- Birna Sigurjónsdóttir, Eiríkur Jónsson, Magnús Þór Gylfason, Meyvant Þórólfsson, Una Björg Bjarnadóttir, Ólafur Loftsson og Steinunn J. Ásgeirsdóttir. 2004. **Bráðger börn í grunnskóla**. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. 2010. **Fjölmennning og þróun skóla**. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstj.) Fjölmennning og skólastarf. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.
- Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. 1999. **Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda**. Í Rúnar Sigþórsson (ritstj.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
- Cacciattolo, M., Dakich, E., Dalmau, M.C., Davies, A., Guðjónsdóttir, H. and Kelly, C. 2006. **Transformative pathways: Inclusive pedagogies in learning and teaching**. Journal of Research on Technology in Education. 40(2), bls. 165-182.
- Dalmau, M.C. and Guðjónsdóttir, H. 2002. **Framing professional discourse with teachers: Professional working theory**. Í J. Loughran og T. Russell (ritstj.). London, New York: Routledge/Falmer.
- Danforth, S. and Smith, T.J. 2005. **Engaging Troubling Students: A Constructivist Approach**. Thousand Oaks, California: Corwin Press.
- Dóra S. Bjarnason. 2011. **Reynsla af því að eiga fatlað barn á Íslandi 1974-2007**. Í Hrefna Friðriksdóttir, Valborg Snævarr og Þórhildur Líndal (ritstj.). Heiðursrit Ármanns Snævarr. Reykjavík, Bókaútgáfan Codex.
- Dóra S. Bjarnason. 2010. **Gjennom labyrinten: Hva er (spesial) pedagogikk i et inkluderende miljø?** Í Reindahl, S. og Hausstätter, R.S. (ritstj.) Spesialpedagogikk og etikk: Kollektivt ansvar og individuelle rettigheter. Lillehammer: Høyskoleforlaget.
- Dóra S. Bjarnason. 2010. **Social policy and social capital. Parents and exceptionality 1974-2007**. New York: Nova Science Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. 2009. **Walking on eggshells: Some ethical issues in research with people in vulnerable situations**. At inganga praxis - kvalitative metoder i (Special) pedagogisk forskning i Norden. Educare. 4, bls.19-33. Malmö: Malmö högskola.
- Dóra S. Bjarnason. 2009. **Parents and professionals: an uneasy partnership?** Í J. Allan, J. Ozga og G. Smyth (ritstj.). Social capital, professionalism and diversity. Rotterdam: Sense Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. 2008. **Private troubles or public issues? The social construction of the "disabled baby" in the context of social policy and social and technological changes**. Í Susan Gabel og Scot Danforth (ritstj.). Disability & the politics of education. New York: Peter Lang Publishing Inc.
- Dóra S. Bjarnason. 2006. **From the toolbox of theory: Which theoretical tools are useful for understanding the inclusive practice in Icelandic schools?** Í M.S. Giannakaki, G.T. Papanikos, Y. Poizos and J.K. Richards (ritstj.). The 8th international conference on Education. Athens: Research on Education.
- Dóra S. Bjarnason. 2005. **Student's voices: How does education in Iceland prepare young disabled people for adulthood?** Scandinavian Journal of Disability Research. 7, bls. 109-128.

- Dóra S. Bjarnason. 2004. **Erwachsenwerden mit einer Behinderung- Bericht aus einer Studie in Island.** Gemeinsam Leben- Zeitschrift fur integrative Erziehung. 12, bls. 4-12.
- Dóra S. Bjarnason. 2004. **New Voices from Iceland: Disability and Young adulthood.** New York: Nova Science Publishers Inc.
- Dóra S. Bjarnason. 2003. **School inclusion in Iceland; The Cloak of Invisibility.** Í B.T. Peck (ritstj.). Education; Emerging Goals in a New Millenium. New York: Nova Science Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. 2003. **The social construction of adulthood with a difference in Iceland.** Í J. Allan (ritstj.). Inclusion Participation and Democracy: What is the purpose? London: Kluwer academic publishers.
- Dóra S. Bjarnason. 2002. **Notes on schooling, school inclusion and exclusion in the 21st century Europe.** Brussels: The European Comission.
- Dóra S. Bjarnason. 2001. **Af sjónarhóli félagsfræði og fötlunarfræða. Er lífið þess virði að lifa því fatlaður?** [From the perspective of sociology and disability studies: Is life worth living with an impairment?]. Læknablaðið 87(42), bls. 30-35.
- Dóra S. Bjarnason. 1996. **Iceland: From institutions to normalisation?** Í J. Tössebro., A . Gustavsson og G. Dyrendahl (ritstj.). Intellectual disabilities in the Nordic states; Policies and everyday life (bls 90-106). Kristiansand: Høyskole Forlaget.
- Dóra S. Bjarnason. 1995. **Heildtæk skólastefna** [Systemic school inclusion]. Proskahjálp, 17(3), bls.38-46.
- Dóra S. Bjarnason. 1991. **Á blöndun og normalisering við um alla? Tilraun til skýringar á hugtökum.** Proskahjálp,13(2), bls.8-15.
- Dóra S. Bjarnason. 1989. **Haltur ríður hrossi. Kennsluefni tengt myndböndum Fræðsluvarps um blöndun fatlaðra og ófatlaðra.** Reykjavík: Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.
- Dóra Bjarnason og Bengt Persson. 2007. **Inkludering i de nordiska utbildningssystemen - en sociohistorisk bakgrund.** Pædagogiske psykologers forening. 44(3), bls. 202-224.
- Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson. 2014. **Salamanca and beyond. Inclusive education still up for debate.** In press.
- Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson. 2007. **Kenningaleg sýn.** Í Grétar Marinósson (ritstj.). Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dóra S. Bjarnason og Ingibjörg H. Harðardóttir. 2006. **Greinargerð um athugun á kennslu barna með þroskahömlun í sérskóla (síðari athugun).** Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dóra S. Bjarnason, Ragnheiður Axelsdóttir og Lora Einarsdóttir. 2009. **Skýrsla um raddir barna, félagsauð og skóla án aðgreiningar.** Reykjavík: Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar. Styrkt af PROGRESS og Umboðsmanni barna á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar.
- Edda Óskarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. 2004. **How are special education teachers prepared to teach mathematics?** Í Arne Engström. Democracy and participation a challenge for special

needs education in mathematics. Reports from the Department of Education. Örebro: Örebro University.

- Elín Guðjónsdóttir. 2013. **Það kostar vinnu og skipulag: Reynsla nemenda með dyslexíu af skólagöngu sinni.** M.Ed. ritgerð Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
